

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag frístundasvæðis Hulduheima úr landi Álfsstaða.

Í deiliskipulaginu felst að á 9 ha frístundasvæði úr landi Hulduheima lnr. 215104 er gert ráð fyrir að reisa allt að 3 frístundahús auk skemmu sem rúma á hesthús, hlöðu og þjálfunaraðstöðu.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem þágildandi skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. október 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.